

**Verklagsreglur
um samskipti umboðsmanns borgarbúa
við stjórnkerfis- og lýðræðisráð**

1. gr.

Umboðsmaður borgarbúa er sérstök eining í skipuriti Reykjavíkurborgar með sjálfstæðan fjárhag. Umboðsmaður er ráðinn til starfa af borgarráði. Hann er þó sjálfstæður í störfum sínum gagnvart allri stjórnslu Reykjavíkurborgar og óháður fyrirmælum um einstök mál.

Um störf umboðsmanns gildir samþykkt fyrir umboðsmann borgarbúa, en þar kemur fram að umboðsmaður heyrir stjórnskipulega undir stjórnkerfis- og lýðræðisráð.

Verklagsreglum þessum er ætlað að skilgreina hvað í þessu felst og tryggja óháði umboðsmanns gagnvart ráðinu.

2. gr.

Verksvið og hlutverk stjórnkerfis- og lýðræðisráð kemur fram í samþykktum ráðsins. Hlutverk stjórnkerfis- og lýðræðisráðs gagnvart umboðsmanni borgarbúa er m.a. að taka við ábendingum, álitum og skýrslum frá umboðsmanni borgarbúa, hafa yfirsýn yfir starfsemi hans, sem og fylgjast með því að ábendingum hans sé fylgt markvisst eftir.

3. gr.

Umboðsmaður borgarbúa skal í byrjun hvers starfsárs leggja starfsáætlun sína fyrir stjórnkerfis- og lýðræðisráð. Umboðsmaður skilar ráðinu skýrslu árlega um starfsemi sína á liðnu starfssári, eigi síðar en 15. september ár hvert og kynnir hana á fundi ráðsins. Þess utan mætir umboðsmaður á fund ráðsins minnst ársfjórðungslega til að fara yfir starfsemi sína, helstu mál sem í vinnslu eru hjá embættinu og hverjar þær ábendingar sem hann telur þörf á að koma á framfæri gagnvart ráðinu. Slíkar kynningar geta eftir atvikum farið fram munnlega eða með skýrslugjöf. Umboðsmaður skal upplýsa stjórnkerfis- og lýðræðisráð um veruleg álitamál eða vandkæði sem fram koma við athuganir hans á stjórnslu borgarinnar.

4. gr.

Fulltrúar sem sitja fundi stjórnkerfis- og lýðræðisráðs geta samkvæmt fundarsköpum brugðist við þeim ábendingum sem umboðsmaður kemur á framfæri á fundi ráðsins með formlegum bókunum. Með því geta fulltrúar ráðsins lýst yfir skoðunum á ábendingum umboðsmanns, sett þær í samhengi, dregið af þeim ályktanir og beint tilmælum til aðila innan borgarkerfisins út frá þeim. Fulltrúar ráðsins skulu gæta sérstaklega að faglegu sjálfstæði umboðsmanns í slíkum tilvikum. Einnig geta þeir beint tilmælum til umboðsmanns borgarbúa í samræmi við samþykkt fyrir embættið, þó ávallt sé ljóst að hann er óháður fyrirmælum frá öðrum.

5. gr.

Fulltrúar í stjórnkerfis- og lýðræðisráði skulu, í samræmi við lög og samþykktir borgarinnar, forðast hagsmunaárekstra og víkja sæti á fundi ef fjallað er um mál sem þeir sjálfir eða aðilar þeim tengdir eru aðilar að. Í opinberum málflutningi sínum skulu fulltrúar ráðsins gæta sérstaklega að óhæði umboðsmanns borgarbúa og mikilvægi trúverðugleika og ásýndar embættisins og samstarfs hans við ráðið út á við.

6. gr.

Að öðru leyti er gert ráð fyrir að verkaskipting milli umboðsmanns borgarbúa og stjórnkerfis- og lýðræðisráðs sé samvinnuverkefni í stöðugri mótun milli beggja aðila. Mikilvægt er þó að allar ákvarðanir um verkaskiptingu og hlutverk séu teknar með formlegum og gagnsæjum hætti.

Samþykkt í stjórnkerfis- og lýðræðisráði xx.xx. 2017

DRÖG